

Félagsfundur vegna sameiningar MÍ og ÞJMS – 25. febrúar 2016

- Reykjavíkúakademíunni Þórunnartúni

Dagskrá

1. Kosning fundarstjóra
2. Sameining Minjastofnunar og Þjóðminjasafns
 - a. Sigurður Örn Guðleifsson frá forsætisráðuneytinu kynnir frumvarpið
 - b. Matarhlé
 - c. Almenn umræða um breytingarnar sem þetta hefur í för með sér og fýsileikagreiningu Capacent
 - d. Sameiginlegt álit félagsmanna
3. Breytingar á menningarminjalögum
 - a. Farið í gegnum breytingarnar lið fyrir lið og unnið í að semja álit á þessum greinum eftir því sem talið er þarft.

Fundargerð

Fundur var settur kl. 17:07. Sólrún formaður Félags fornleifafræðinga setti fundinn.

Kosning fundarstjóra og ávarp formanns

Félagið lagði til að Hildur Gestsdóttir yrði fundarstjóri og að Lilja Laufey Davíðsdóttir, ritari félags fornleifafræðinga, myndi rita fundargerð. Það var samþykkt með lófataki.

Sólrún Inga, formaður Félags fornleifafræðinga tók fyrst til máls. Sólrún kom fram með skemmtilega samlíkingu við fornleifafræði og sagði að við ættum að reyna að líta á heildarmyndina á þessum fundi í stað þess að vera að einblína á einstaka jarðlög.

Hildur kynnti inn Sigurð sem var kominn til þess að kynna lagafrumvarpið og svara spurningum frá fornleifafræðingum.

Kynning á frumvarpinu

Sigurður hóf mál sitt og byrjaði á því að segja að hann hefði fengið á tilfinninguna á fundinum með stjórn félagsins, sem fór fram þriðjudaginn 23. febrúar í Forsætisráðuneytinu, að það væri gott að kynna frumvarpið fyrir öllum félagsmönnum til að reyna að skapa betri umræðu um málið. Hann hóf kynningu sína á því að segja að ákveðið hafi verið að sameina MÍ og ÞJMS í eina stofnun sem mun heita Þjóðminjastofnun.

Flutningur verkefna í ráðuneytið

Sigurður talaði um að ráðuneytið væri að taka að sér verkefni sem áður hefðu verið í umsjá Minjastofnunar Íslands. Það eru aðallega tveir þættir: Verndarsvæði í byggð og friðlýsingar og friðanir húsa. Hann taldi að ástæða þess að verndarsvæði í byggð væru tekinn inn í ráðuneytið frá stofnuninni, væri aðallega vegna þess að hlutverk MÍ því máli væri mjög takmarkað og því gæti ráðgjöf í þessum málaflokki vel farið fram í ráðuneytinu, sérstaklega þar sem hún fer að stórum hluta þegar fram þar.

Seinna verkefnið sem taka á algerlega inn í ráðuneytið er friðlýsing húsa. Hann sagði þennan málaflokk þegar vera í ráðuneytinu en að MÍ hafa vald til að leggja fram tillögur um friðlýsingar. Það sem myndi breytast með nýju lagabreytingunum væri bæði ráðgjöf og ákvörðun um friðlýsingar myndu færast til ráðuneytisins. Hann sagði að stefnumótun ætti

heima í ráðuneytinu en ekki í stofnunum og það hafi verið ástæðan fyrir því að vilji væri fyrir því að málaflokkurinn yrði færður í ráðuneytið. Hann talaði einnig um að það vantaði algerlega stefnumótun um friðanir og friðlýsingar húsa en viðurkenndi svo að þegar ráðuneytið væri búið að móta stefnuna væri þó kannski hægt að fela stofnuninni ábyrgðina að vinna með tillöguna.

Aðrar lagabreytingar sem varða fornleifafræðinga

Sigurður nefndi að menningarminjalögin hefði verið skoðuð mikið í sumar og þá var komist að því að á þeim voru einhverjir gallar. Þá hafði verið kallað eftir tillögum frá hagsmunaaðilum um hvað mætti laga. Þá spruttu upp margar hugmyndir en fyrir jól var ákveðið að bíða með lagabreytingarnar og stofna stýrishóp til að vinna með sameiningu þessara tveggja stofnana. Allar efnisbreytingarnar um lögin er að finna í fumvarpinu sem sent var út og þar væru nokkrir liðir sem snertu fornleifafræðinga beint.

- Þar á meðal var það að *fornminjanefnd og húsafríðinarnefnd* hefðu ekki verið notuð sem skyldi. Hægt væri að nýta nefndirnar betur til að koma með tillögum og fleira.
- *Leyfisveitingar vegna rannsókna* voru einnig nefnd þar. Sigurður sagði að venjulegt fólk fengi á tilfinninguna fornleifafræðin sé hárnákvæm vísindi og að allar rannsóknir feli í sér einhvern tilgang og mikilvægi. En þegar hann fór að kynna sér þetta nánar þá kom annað á daginn að hans mati. Það vantaði að skila inn gögnum og vantaði upp á forvörslu og vísindin voru ekki hárnákvæm heldur meira slump (að hans mati). Hann telur að það þurfi að vera skýrt hvað á að vera innifalið í leyfum. Nauðsynlegt sé að getið sé um umfang rannsókna og hvernig eigi að forverja gripi.
- *Menntunarkröfur* til þess að fá leyfi til rannsókna voru eitt málið. Í nýja lagafrumvarpinu segir að það þurfi að hafa meistaragráðu í fornleifafræði til að fá rannsóknarleyfi.
- *Stefnumótun í fornleifarannsóknum*. Sigurður telur að uppgröftur fornleifa ætti ekki vera einkamál fornleifafræðinga. Fornleifar eru auðlind sem er sameiginleg eign allrar þjóðarinnar. Það þarf að marka einhverja stefnu í þessum málum og það er eitt að þeim verkefnum sem nýja Stofnunin þarf að fara í. Hinsvegar komu fram augljósar áhyggjur á fundi með stjórn Félagsins á þriðjudag, þar sem kom í ljós að það þarf að skoða þessa reglu betur, stefnumótunin má ekki vera í höndum einnar manneskju.
- *Þvingunarúrræði*. Sigurður talaði um þau þvingunarúrræði sem hafa verið sett í lagafrumvarpið varðandi skil á gripum. Hann telur að í lögunum verði að vera úrræði sem hindrar að skussar sem ekki skila geti fengið endalaust ný leyfi. Hann taldi einnig að það sé ekki endalaust hægt að skýla sér á bakvið það að Þjóðminjasafnið geti ekki tekið við gripunum. Það þarf að tryggja að gripum sé skilað og það er hægt að gera með þvingunarúrræði. Sömuleiðis eru ákvæði í nýja lagafrumvarpinu sem kveða á um að ef skilyrði eru ekki uppfyllt þá sé hægt að afturkalla uppgrafterleyfið. Hann nefnir þó að samkvæmt nýja frumvarpinu verði leyfið ekki afturkallað strax heldur verði fyrst gefin áminning, en ef þeir aðilar sem um ræðir bæta ekki sín mál þá á verði farið í afturköllun leyfis.
- *Formið á Stofnununni, sameiningin*. Sigurður taldi að menn væri mjög uppteknir af þessu máli. Hann sagðist ekki ætla að ræða samsæriskenningar um hver væri að reyna að ná sínu fram í þessu máli. Hann sagði einnig að einhverjir aðilar hafi talað eins og um væri að ræða fjandsamlega yfirtöku og því ætlaði hann ekki að svara. Ákvarðanir um sameininguna væru algerlega faglegar. Sigurður nefndi að þetta væri ferli sem búið væri að taka þrjá mánuði. (Elín Hreiðarsdóttir skaut þá inn athugasemd um að þrátt fyrir að ferlið hafi verið svona lengi í gangi hafi fornleifafræðingar ekki haft hugmynd um málið fyrr en í lok janúar). Sigurður benti þá á að það væri ekki komið að spurningum. Hann hélt áfram með efnið og sagði að það hefði verið tekinn langur tími

í þetta. Stýrihópurinn sem fjallaði um málið hefði verið stofnaður í enda nóvember. Ákvörðunin um sameiningu Minjastofnunnar Íslands og Þjóðminjasafns Íslands hafi svo verið tekin í samræmi við fýsileikagreiningu Capacent Hann nefndi að frumvarpið væri í raun ekki svo langt ef teknar væru út klausur þar sem Minjastofnun Íslands breytist í Þjóðminjastofnun og því væri hraðinn ekkert mikill. Bankar hefðu verið sameinaðir á styttri tíma. Hann lagði einnig fram þá spurningu hvort að það væri einhverjum í hag að tefja málið til ársins 2017? Hvort að það væri fólki ekki frekar í hag að ákvörðunin væri tekin hratt og örugglega svo að hægt væri að byrja á vinnunni að byggja upp þessa sterku stofnun?

Spurningar um frumvarpið og sameininguna

Fundarstjóri tók við orðinu eftir þessa ræðu Sigurðar og þá var tekið á móti spurningum frá félagsmönnum um frumvarpið og sameininguna.

Guðrún Alda Gísladóttir spurði hvort það væri ekki óeðlilegt að gera safn að stjórnvísustofnun?

Sigurður svaraði því að það hafi verið óeðlilegt á sínum tíma. Það var gerð krafa um að ef Þjóðminjasafnið ætlaði að vera í rannsóknum á samkeppnismarkaði þá þyrfti að aðgreina fjárhaginn sem færi í rannsóknir og rekstur. Það var ákveðið að ganga skrefinu lengra og greina á milli þessara tveggja hluta með nýrri stofnun. Í raun þurfti ekki að gera það því aðeins átti að þurfa að aðskilja fjárhaginn. Sigurður nefndi dr. Steinunni Kristjánsdóttur sem eina starfsmanninn innan Þjóðminjasafns sem stæði fyrir einhverjum rannsóknum og það starf væri aðeins 20% og væri að falla niður í 0% þar sem að hún væri flytjast í 100% stöðu innan Háskólans. Hann sagði jafnframt að Þjóðminjasafnið ætti ekki að vera í rannsóknum af því að það stenst ekki samkeppnislög á móti einkaaðilum.

Guðrún spurði aftur hver ástæðan fyrir sameiningunni væri, þar sem fólk vildi fá ástæðu. Hafði MÍ kannski ekki verið að standa sig samkvæmt þeim?

Sigurður svaraði að hann teldi það reyndar ekki. Hann nefndi Forsætisráðherra og að hann hefði ekki gert neitt annað en að styrkja málflokkinn. Sigurður nefndi einnig að honum fyndist það ekki vera neitt tiltökumál þó að málaflokkur væri færður til og styrktur vegna þess að hann væri áhugamál einhvers. Hann taldi ekki að ástæðan hafi verið sú að það hafi verið efast um einhverja þætti heldur væri aðaltilgangurinn sá að styrkja málaflokkinn og að þessar breytingar væru til bóta fyrir hann.

Næst tók Albína Hulda Pálsdóttir til máls. Albína kynnti sig og Sigurður svaraði með því að spyrja hvort það væri sú hin sama og hefði sent honum 10 tölvupósta fyrr um daginn... Albína bað Sigurð um að hjálpa fornleifafræðingum að skilja þetta betur. Hún talaði um að fornleifafræðingum væri annað um Þjóðminjasafnið og að það stundaði vísindarannsóknir. Það hefði verið kreppt að því mikið á síðustu árum. Maður sæi ekki hvernig fagið væri að fara að eflast með sameiningunni. Fólki fyndist neikvætt að það væri búð að loka á möguleika þess að Þjóðminjasafnið gæti stunda fornleifarannsóknir.

Sigurður svaraði og viðurkenndi að kaflinn í frumvarpinu um rannsóknir er ekki alveg réttur. Vísindarannsóknir væru ekki á samkeppnismarkaði. Hann sagði einnig að það væri vilji fyrir því að ÞJMS væri öflugt á vísindamarkaði. En að það ætti ekki heima á samkeppnismarkaði. Hann nefndi að ef Margrét Hallgrímsdóttir væri á svæðinu, myndi hún samsinna því. Hann nefndi að það væri samt hægt að vera með öflugt fræðastarf án þess að safnið væri að stunda fornleifarannsóknir á samkeppnismarkaði. Ef sú væri raunin þá þyrfti að fara í viðamiklar aðgerðir að aðskilja fjárhag þess. Hann nefndi einnig að sameiningin spari um 50 milljónir og að þær milljónir fari beint í fagið aftur.

Albína svaraði því að hann væri alltaf að tala um samkeppnismarkað en að Þjóðminjasafnið tæki ekki þátt í honum heldur myndi aðeins stunda vísindarannsóknir en ef það yrði sameinað Minjastofnun Íslands þá gæti það ekki gert það lengur þar sem að ekki er hægt að veita sjálfum sér leyfi til rannsókna. Fyrr á tíðum hafi Þjóðminjasafnið verið mikilvægt bæði í framkvæmdarrannsóknum og vísindarannsóknum. Seinna hafi vísindarannsóknirnar einar setið eftir en alltaf farið minnkandi. Albína nefndi að flestum myndst það synd hve lítið af vísindarannsóknum væru eftir hjá Þjóðminjasafni Íslands enda stunduðu öll söfn á Norðurlöndum vísindarannsóknir og því mætti ætla að slíkt ætti einnig við á Íslandi. Sigurður svaraði svo að Þjóðminjasafnið ætlaði að gera athugasemd við þetta og bað um staðfestingu frá Ármanni Guðmundsyni sem gerði svo. Í framhaldi af þessu nefndi Eva Kristín Dal að hlutverk safna væri að rannsaka og án þess þáttar væru þau bara sýning. Þetta væri því alvarlegt mál. Grunnurinn fyrir sameiningunni væri ekki vísindalegur heldur stofnanalegur.

Guðrún Alda tók aftur til máls og sagði að helstu áhyggjurnar sem einkageirinn hefði á málinu væri að öll völd væru að færast á einn stað, að ein manneskja myndi ráða yfir Fornminjasjóði, stefnumótun fornleifafræðinnar, þvingunareglum vegna skila og fleira. Alltof mikið atriðum væru komin á einn og sama staðinn.

Sigurður svaraði af hverju það væri slæmt. Það væri engin ástæða fyrir því að þetta ætti ekki að vera á einum og sama staðnum og að fólk ynni saman. Samvinna og allt væri straumlínulagað.

Sólrun Inga Traustadóttir tók næst til máls og nefndi að það væri margt að koma fram sem stjórn félagsins hefði talað um á fundinum á þriðjudag. Næst spurði hún um forvörsluna og hvernig þeim málum yrði háttað. Ekki væru allir fornleifafræðingar sem notfærðu sér forvörslu á Þjóðminjasafninu, sumir skipta við aðra. Hún spurði hvort að það þyrfti að aðgreina þetta eitthvað í frumvarpinu?

Sigurður svaraði að við gerð frumvarpsins hefði komið upp sú hugmynd hvort að það ætti kannski að ríkisvæða forvörslu en niðurstaðan var sú að það ætti ekki að gera en í stað yrði sett í skilyrði um leyfisveitingu að forverja ætti gripi. Þetta væri vegna þess að oft væru engir peningar eftir í forvörslu og því ekkert forvarið en að þetta myndi breyta því.

Sólrun Inga sagði einnig að söfn gætu haft mismunandi hlutverk og það væri ekkert óeðlilegt, en það sem væri slæmt fyrir fagið væri að setja það í lög að Þjóðminjasafnið megi ekki stunda rannsóknir

Hildur Gestsdóttir tók einnig til máls og spurði um stefnumótunina sem gefur færi á að loka á vissar rannsóknir sem ekki falla að stefnunni.

Sigurður svaraði að fólk í landinu ætti þessar fornleifar og þó að einhver sérstakur aðili væri með áhuga á kumlum eða klaustrum, þá þýddi það ekki að það ætti ekki að vera nein stefnumörkun í málaflokknum. Hinsvegar hefði komið í ljós eftir fundinn á þriðjudaginn með stjórn Félagsins að það þyrfti að ramma betur inn þetta mál. Hinsvegar yrðum við að hugsa um afkomendur okkar. Hvað með fornleifafræðinga framtíðarinnar, ættu bara ekki að vera neinar fornleifar eftir fyrir þá? Það koma fornleifafræðingar á eftir okkur sem vilja vinna við rannsóknir. Fornleifafræðingar nútímans mættu ekki klára allt.

Sólrun Inga skaut inn að það væri kannski betra að kynna sér málaflokkinn áður en hann kæmi með yfirlýsingar sem þessar

Ármann Guðmundsson tók næst til máls og nefndi að varðandi stefnumótun í fornleifafræði sem tíðkast í Noregi, þá væri víðtæk óánægja með hana þar á meðal fornleifafræðinga. Hann nefndi jafnframt að þetta væri vísindagrein sem ætti að fá að þróast á sinn hátt.

Sigurður sagði hinsvegar að það væri einkennilegt að það væri ekki stefnumótun í því hvernig þessi auðlind væri nýtt. Væri eitthvað skrítið við það?

Ármann nefndi þá að stefnan ætti að fylgja leyfisveitingunni.

Sigurður svaraði að hugsunin væri sú að tengja stefnuna við leyfisveitingu.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir tók næst til máls. Eftir að hafa nýhafið mál sitt greip Sigurður fram í henni og í kjölfarið bað Margrét hann um að gera það ekki. Henni þætti hann vera dónalegur. Hún nefndi það að ef löggin gegnu í gegn myndu fornleifafræðingar ekki fá leyfi til fornleifarannsókna nema vera búnir að skila inn gripum sínum fyrir sumarið. Í kjölfarið spurði hún hvort Þjóðminjasafnið væri í stakk búíð að taka á móti gripunum til þess að fornleifafræðingar gætu fengið leyfin?

Sigurður svaraði að það væri lagaskylda að skila gripum. Þjóðminjasafnið ætti að taka á móti þeim.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir tók næst til máls og sagðist langa til að tala um þetta „mikla og góða samráð“ sem hefði verið nefnt við ákvörðun sameiningar. Hún sagðist hafa setið á fundi með Capacent og að niðurstaða hans hafi verið neikvæð en að sú staðreynd hafi ekki komið fram neinstaðar. Hún vitnaði jafnframt í hann sjálfan þar sem hann sagðist hafa unnið allt frumvarpið um helgina og því væri erfitt fyrir okkur að trúa því að frumvarpið væri vel gert. Hún spurði einnig af hverju þetta þyrfti að gerast svona hratt og af hverju þetta mætti ekki taka ár?

Sigurður svaraði að honum fyndist ferlið hafa verið langt, honum fyndist skýrsla Capacent vera góð og að honum fyndist frumvarpið vera frábært! Stýrihópurinn hefði verið skipaður 27. nóvember og átti að skila 1. mars. Allt þetta starf hefðist tekist á þessum tíma og hann væri ánægður þó að félagsmenn væru það greinilega ekki.

Elín svaraði aftur hvort að það væri faglegt að hann sem hefði svona litla eða enga tengingu við fornleifafræðinga, myndi henda saman frumvarpi á sunnudegi?

Sigurður sagði að það væri venjan að fólk sem vinnur við ýmiskonar frumvörp sé ekki endilega tengt faginu. Hann nefndi sem dæmi að hann hefði séð um vinnslu á gögnum tengdum sjómönnum þó að hann hefði aldrei verið á sjó sjálfur. Einnig nefndi hann að innan Samgönguráðuneytisins væri unnið að flugmálum en að þar starfaði samt enginn flugmaður.

Vala Björg Garðarsdóttir tók næst til máls og sagði að fornleifafræðingar myndu skila inn athugasemdum varðandi frumvarpið. Hún sagðist jafnframt setja áherslu á það að með sameiningunni yrðu fornleifarannsóknir ekki lengur innan safnsins en rannsóknir á byggðasögu yrðu þar ennþá. Það væri verið að taka fornleifarannsóknir út en ekki rannsóknir undir húsafriðunarnefnd. Í sjóðnum er sagt að það verði lagt áhersla á byggðasögurannsóknir.

Sigurður svaraði þessu með því að leggja áherslu á það að ekkert hafi verið tekið út úr lögum um sjóðina. En hann setti þó spurningu við það og spurði af hverju væri verið að styrkja kirkjur sem eru í eigu ríkisins með sjóðnum? Kannski væri hægt að nýta þetta öðruvísi. Það væri hinsvegar ekki búíð að eiga við nein ákvæði í sjóðina. Að endingu nefndi hann að kannski ætti þessi frábæra og kröftuga stofnun sem **hann** væri að stofna gæti kannski skostað þetta.

Þá kom fram að Sigurður er að hætta á skrifstofunni á þriðjudag en ætlar að klára þetta á sunnudag og mánudag. Þá komu fram hugleiðingar um það hvort hann ætlaði ekki að fylgja málaflokknum eftir fyrir okkur og koma fram athugasemdum fornleifafræðinga um málið.

Albína tók næst til máls og sagði að það væri ánægja með Fornminjanefnd. Hinsvegar segi núverandi lög til um að það sé bara tryggt að það sé einn fornleifafræðingur í henni og einnig aðeins einn með háskólamenntun. Nefndin hafi þó staðið sig vel og ekki er hægt að kvarta yfir henni og allir séu ánægðir, þó að það sé alltaf hægt bæta allt.

Sigurður svaraði að það væri örugglega hægt að taka á miklu fleiri þáttum varðandi menningaminjar. Þetta væri góður punktur og Sigurður nefndi að nefndin ætti að vera öflugari og hægt væri að bæta þetta.

Bent á að í nefndinni hefðu verið tveir fornleifafræðingar núna en að það væri þó ekki tryggt að það yrði þannig næst.

Albína Hulda spurði út í 100 ára regluna og breytinguna í ártalið í 1900. Hún benti á að það er ósamræmi með húsafriðun og fornleifum og að það væri óheppilegt. Betra væri að hafa ártölin eins, kannski bæði 1918. Albína nefndi einnig að líklega vissum við öll að við gætum líklega staðið okkur betur betur í gripaskilum. Þetta sé hinsvegar málefni sem við brennum fyrir og að Sigurður beri ekki virðingu fyrir því.

Sigurður svaraði með því að segjast hafa beðið um að koma á þennan fund til að kynna og útskýra frumvarpið.

Sigríður Þorgeirsdóttir talaði um forvörslu og sagði hana vera stóran þátt í fornleifarannsókn. Hún nefndi að oft væru ekki til peningar af því að oft er of lítill peningur sem fæst í rannsókn. Svo bar hún fram spurningu og vísaði í svar hans fyrr um kvöldið, af hverju forvarslan væri ekki bara sett öll í Þjóðminjasafnið?

Sigurður sagði að þetta hafi verið rætt en að þess ríkisstjórnin sé ekki mikið fyrir að ríkisvæða hluti. Þess vegna var ákvæðið sett í lög, til að bæta forvörslu. Hann nefndi jafnframt að kannski væri vert að efla fornminjasjóð til að bæta úr þessu.

Stefán Ólafsson spurði um það hvort og hvenær það hafi verið ákveðið að efla einkageirann og vísaði þá í Sigurð fyrr um kvöldið þegar talað var um einkavæðingu geirans og hvernig Þjóðminjasafnið gæti ekki verið á samkeppnismarkaði.

Sigurður sagði árið 2001 en var leiðréttur um að það hefði verið upp úr 1993.

Áramann Guðmundson bætti við hvort að það hefði nokkuð verið einhver sérstök ákvörðun um að einkavæða fornleifafræðina. Það hefði bara gerst vegna þess að fornleifafræðingar fóru að vinna sjálfstætt.

Albína Hulda Pálsdóttir tók þá til máls varðandi stefnumótunina. Hún sagðist ekki halda að allir væru því ósammála að það yrði einhverskonar stefnumótin. Heldur að fólk væri ósátt við að ef að einhver vill fara í rannsókn sem fellur ekki innan stefnunnar þá væri hægt að hafna henni á þeim forsendum. Það er kannski nauðsynlegt að hafa stefnumótun en hún gæti leitt til þess að það sé takmarka vísindalegt frelsi okkar.

Sigurður viðurkenndi að þetta væri eitthvað sem þyrfti að skoða þegar athugasemdir bærust. Frumvarpið væri ekki meitlað í stein, sumum fyndist stefnumótun gott mál en öðrum ekki.

Spurningum var nú lokið og Sigurður þakkaði fyrir sig og lokaorð hans voru að markmiðið með frumvarpinu væri ekki til þess að höggva og skemma. Það væri til að betrumbæta.

Stefán Ólafson átti þó lokaorðin og sagði „Fyrir okkur eru þetta endalok.“

Sólrun þakkaði þá Sigurði fyrir og sagðist vona að hann myndi hlusta á okkur eins og við hefðum hlustað á hann.

Matarhlé – allir borðuðu nægju sína af pizzum!!

Fundastjóri setti fund aftur kl. 18:43.

Ávarp formanns

Sólrún Inga formaður Félags fornleifafraeðinga sagði frá því hvað félagið er búíð að gera síðustu daga og þakkað Albínu fyrir hjálpina. Félagið hefur sent út pósta og talað við hagsmunaaðila eins og Arkitektafélagið, Físos og fleiri. Búíð var að hafa samband við Hauk Hólms á Rúv og Sólrún ætlaði í viðtal eftir fundinn og koma þá vonandi með ályktun frá félaginu um sameininguna. Físos og Albína eru búin að vera í sambandi við Brynhildi í Bjartri Framtíð. Stjórnin og Albína eiga fund með Katrínu Jakobs daginn eftir. Markmiðið hafði verið að ná til flestra enda mjög mikilvægt málefni. Sólrún endaði á því að segja að það væri gott að reyna að ákveða hvað við viljum gera í framhaldinu. Senda út ályktun og yfirlýsingu; með eða á móti (væntanlega á móti). Einnig þyrfti félagið að koma með athugasemdir á frumvarpið.

Fundarstjóri tók við og þá hófst umræða félagsmanna

Umræður félagsmanna

Ýmislegt kom fram í umræðum félagsmanna. Fýsileikagreiningin var nefnd sem óáreiðanleg og talað var um hraðann á ferlinu og að við yrðum að gagnrýna það. Allir voru sammála um það að við þyrftum að beita okkur gegn sameiningunni og að mikilvægast væri að komast saman að einhverri ályktun. Þannig gætum við sent frá okkur yfirlýsingu um að við værum ekki sátt og að tíminn væri allt of stuttur. Talað var um að stýrihópurinn sem sá um sameiningarmál hefði hist fjórum sinnum og að síðasti fundurinn hefði verið hádegisverður. Talað var um friðlýsingu húsa og friðun húsa. Þetta kæmi almenningi mjög við, þrátt fyrir að fýsileikagriningin segði annað, enda margir sem eiga friðuð hús sem myndu þurfa að sækja leyfi fyrir því að mála húsið sitt færi frumvarpið í gegn. Talað var um að persónuleg tengsl inn í flokkana, sérstaklega við sjálfstæðisflokkinn gæti fleytt okkur langt í að það yrði hlustað á mótmæli okkar. Talað var um að það væri einkennilegur gjörningur að breyta þjóðminjasafni í stjórnsýslustofnun og einnig að staða þjóðminjavarðar yrði ekki auglýst heldur að ráðherra myndi skipa stöðuna. Einnig að það væri engin krafa um menntun hjá þjóðminjaverði nema einhverskonar háskólapróf, það þyrfti ekki einu sinni að vera í faginu.

Fréttatilkynning samin

Fundarstjóri tók aftur við orðinu og sagði að líklega væri best að ákeða hver væru stóru málin og útbúa tilkynningu.

Félagsmenn tóku sig saman og sömdu í sameiningu fréttatilkynningu sem kosið var um og fékk einróma samþykki Fréttatilkynningin hljóðaði svo:

*Fréttatilkynning frá Félagi fornleifafraeðinga
Ályktun fundar þann 25. febrúar 2016*

**Afturhvarf í íslenskri stjórnsýslu
Vér mótmælum öll!**

Félag fornleifafræðinga mótmælir harðlega fyrirhugaðri sameiningu Þjóðminjasafns Íslands og Minjastofnunar Íslands. Vinnubrögðin við vinnslu frumvarpsins voru ófagleg og bera vitni um skort á þekkingu á málaflokknum. Frumvarpið ber hratt að og var unnið í sáralitlu samráði við fagaðila.

Stöðugleika hefur verið náð í minjavörslu frá því að Minjastofnun Íslands var stofnuð 2013 en fyrirbyggjandi frumvarp er afturför sem mun hafa varanleg og skaðleg áhrif á starfsumhverfi fornleifafræðinga og minjarnar í landinu. Vegið er alvarlega að frelsi til vísindarannsókna með tillögu um miðstýrða rannsóknarstefnu í fornleifafræði. Verði frumvarpið að lögum mun það binda endi á um 150 ára sögu Þjóðminjasafns Íslands á sviði fornleifarannsókna.

Breytingar á menningarminjalögum

Talað var um hvort ætti að fara í gegnum breytingarnar lið fyrir lið. Flestir voru sammála að frumvarpið væri slæmt í heild sinni og kannski ætti bara að hafna breytingunum í heild sinni.

Lítill skilningur virtist vera á málaflokknum hjá Sigurði sem stóð að frumvarpinu og margt sem að hann skilur ekki varðandi fagið.

Samín var tilkynning til ráðuneytisins þar sem komu fram ástæður þess að við höfnum frumvarpinu í heild sinni. Kosið var um tilkynninguna og hún var samþykkt einróma. Tilkynningin hljóðar svo:

Reykjavík, 26. febrúar 2016
Til Forsætisráðuneytis

Umsögn við frumvarpi til laga um breytingu á lögum um menningarminjar og fleiri lögum (Þjóðminjastofnun) sem leggja á fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015-2016

Félag fornleifafræðinga hafnar frumvarpinu í heild sinni á þeim forsendum að vinnubrögðin við vinnslu þess hafi verið ófagleg og beri vitni um skort á þekkingu á málaflokknum. Frumvarpið ber hratt að og var unnið í sáralitlu samráði við fagaðila.

Stöðugleika hefur verið náð í minjavörslu frá því að Minjastofnun Íslands var stofnuð 2013 en fyrirbyggjandi frumvarp er afturför sem mun hafa varanleg og skaðleg áhrif á starfsumhverfi fornleifafræðinga og minjarnar í landinu. Vegið er alvarlega að frelsi til vísindarannsókna með tillögu um miðstýrða rannsóknarstefnu í fornleifafræði. Verði frumvarpið að lögum mun það binda endi á um 150 ára sögu Þjóðminjasafns Íslands á sviði fornleifarannsókna.

Fyrir hönd Félags fornleifafræðinga,
Sólrún Inga Traustadóttir, formaður Félags fornleifafræðinga

Fundi var slitið kl. 20:03

Fundaritari var Lilja Laufey Davíðsdóttir, ritari félags fornleifafræðinga